

Reykjavík, 8. júní 2026

Innviðaráðuneyti
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Efni: Umsögn ADHD samtakanna um drög að reglugerð um vanhæfismörk við stjórn
ökutækis vegna neyslu lyfja, mál nr. S-92/2026

ADHD samtökin fagna að loks séu komin fram löngutímabær drög að reglugerð vegna
Umferðarlaga nr. 77/2019, sem tóku gildi fyrir hálfu sjötta ári.

Eins og fram kemur í opnu bréfi samtakanna til ráðherra og alþingismanna¹ dagsettu 11.
september 2023 og meðfylgjandi lögfræðialiti², var talin þörf á endurskoðun hluta laganna
og ekki síður afar brýnt að sett yrði meðfylgjandi reglugerð. Þar segir m.a.:

*„[Frá því ný umferðarlög nr. 77/2019 ...] tóku gildi í upphafi árs 2020, hefur ítrekað
komið fyrir að fólk með ADHD sem notar ADHD lyf hefur orðið fyrir óþægindum og
jafnvel verið dæmt eða beitt viðurlögum fyrir ólöglegan akstur undir áhrifum lyfjanna,
þrátt fyrir að þau séu tekin samkvæmt læknisráði. Ástæður þessa má rekja til
ófullnægjandi og gallaðs orðalags undanþáguákvæðis, sbr. 8. og 9. mgr. 101. gr.
umfl. nr. 77/2019 sem heimilar undanþágu frá viðurlögum vegna aksturs undir
áhrifum lyfja, sem annars eru bönnuð á íslensku forráðasvæði, sbr. viðauki 1 í
reglugerð nr. 233/2001. Ökumaður þarf að uppfylla öll þau skilyrði samkvæmt
ákvæðinu svo undanþágan eigi við.“*

Eðli máls samkvæmt verður í þessari umsögn fyrst og fremst fjallað um fyrrnefnd drög að
reglugerð nr. S-92/2026, en um leið verði ekki hjá því komist að fjalla nánar um sjálf lögin,
enda er setning reglugerðar lykilatriði hvað varðar framkvæmd laganna. Að sama skapi snúa
athugasemdir samtakanna að mestu um lyf sem lækna ávísa vegna ADHD, eða almennra
þátta, með einni undantekningu.

¹ <https://www.adhd.is/is/moya/news/opid-bref-til-radherra-og-althingismanna-vegna-tillagna-adhd-samtakanna-til-breytinga-a-undanthaguakvaedum-8-og-9-mgr-101-gr-umfl-nr-772019>

² https://www.adhd.is/static/files/baeklingar/PDF/nytt/HvadErADHD_nyttLOGO/a-litsgerd-adhd-samto-kin-birt-11-9-2023.pdf

Markmið og athugasemdir

Reglugerðin fjallar „um vanhæfismörk við stjórn ökutækis vegna neyslulyfja, sem eiga stoð í 6. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Í drögunum er mælt fyrir um vanhæfismörk við stjórn ökutækis vegna neyslu ávísunarskyldra lyfja sem innihalda nánar tilgreind efni, þegar þeirra er neytt á grundvelli ávísunar læknis og í samræmi við fyrirmæli hans.

Athugasemdir ADHD samtakanna eru eftirfarandi:

1. Norska leiðin

Drögin eru sögð unnin að norskri fyrirmynd, styrkleiki efna í blóði er um reiknaður svo samsvari magni vínanda í blóði og miðað við styrkleika efna sem samsvarar 0,5% af vínanda í blóði.

Í sjálfu sér er ekkert við það að athuga, enda sérstaklega fjallað um norsku umferðarlögin í frumvarpi til umfl. er síðar varð að lögum nr. 77/2019. Hins vegar má fullyrða að samsvörun við norsku umferðarlögin (n. *vegtrafikkloven*) virðist afar fátækleg, bæði í sjálfum lögnum sem og þessum afar stuttu drögum að reglugerð sem nú er til umsagnar³.

Til dæmis fylgir norsku reglugerðinni listi yfir 28 efni þar sem vanhæfismörk eru ákvörðuð. Í fylgiskjali við reglugerðardrögin eru hins vegar einungis tilgreind 21 innihaldsefni⁴. Hvergi eru rök fyrir þessum mun.

Eitt stendur þó upp úr varðandi norsku löggjöfina: Vanhæfistafla sem fylgir þeim gildir ekki um þá sem taka inn lyf samkvæmt læknisráði, heldur nær undanþága eingöngu yfir þá sem ekki eru með lyfseðil⁵. Hér fer ekki saman mynd og hljóð, hvorki hvað varðar íslensku lögin né þessi drög að reglugerð. Hvað er í samræmi við norsku löggjöfina, hverju var slept og hvers vegna? Þetta þarf að skýra til fullnustu.

2. ADHD lyf í listanum

Hvað ADHD lyf varðar vekur furðu að einungis sé tilgreint virka efnið amfetamín, með afmörkun um að þetta eigi eingöngu við ef greinist d-amfetamín í blóðsýni (án frekari skýringar).

- i. Í listanum er ekki að finna önnur virk efni (örvandi), s.s. metýlfenidat (N06BA04) og módafíníl (N06BA07) sem bæði er til að mynda að finna í mælaborði Embættis landlæknis⁶. Af þessum virku efnum er metýlfenidat langalgengast.

³ https://www.adhd.is/static/files/baeklingar/PDF/nytt/HvadErADHD_nyttLOGO/a-litsgerd-adhd-samto-kin-birt-11-9-2023.pdf

⁴ <https://samradapi.island.is/api/Documents/f21f7052-dc55-f111-9bd7-005056bcce7e>

⁵ https://www.adhd.is/static/files/baeklingar/PDF/nytt/HvadErADHD_nyttLOGO/a-litsgerd-adhd-samto-kin-birt-11-9-2023.pdf - bls. 19

⁶

<https://app.powerbi.com/view?r=eyJrIjoieNTk2NGI1YjEtZTA5MC00Mjk1LTg3NmEtMTZkNzgxOGY1ZDg5liwidCI6IjRkNzYyYWMwLTYyMDUtNDJzS1iOTY0LWMzYjg5NTNmZDRhOSIsImMiOjh9>

Eftir gildistöku umferðarlaga nr. 77/2019 hefur vissulega minna borið á tilvikum þar sem metýlfenidat kemur við sögu, magn telst innan eðlilegra marka miðað við ávísuðum skammti og ekkert annað kemur til. Hver skýringin þar að baki er óljós, en breytir þó engu um að samkvæmt óbreyttum drögum fæst ekki betur séð en að undanþága nái hvorki til virku efnanna metýlfenidat né módafíníl. Þetta þarf að laga.

- ii. Ástæða fyrir undanþágu ef einungis greinist d-amfetamín í blóðsýni er þeim sem til þekkja augljós. Attentin og Elvanse (og samheitalyf þeirra) eru einu ADHD lyf sem innihalda eingöngu d-amfetamín (handhverfa, annar helmingur efnaformúlu amfetamíns). Ef ekkert úr hinni handhverfu amfetamíns eða önnur „götuefni“ finnast og magn í blóði samræmist ávísuðum skammti bendir það til að einstaklingur sé ekki að misnota efnin.

Við gildistöku umferðarlaga nr. 77/2019 (janúar 2020) gaf ríkissaksóknari út fyrirmæli til lögreglumanna varðandi málsmeðferð, þess efnist að meðan reglugerð væri ekki til staðar yrði að túlka lögin samkvæmt orðanna hljóðan (síðast uppfært 28. maí 2020⁷). Samkvæmt 1. mgr. 101 gr. 77/2019 skal stjórnandi ökutækis hafa á sér (á atvikastað) „[...] vottorð læknis er sýnir fram á að hann sé haldinn tilteknum sjúkdómi eða ástandi og þurfi af þeim orsökum að neyta þeirra efna sem í blóði hans mælast.“ Við framkvæmd hafa lögreglumenn iðulega túlka þetta sem svo að framvísi viðkomandi ekki þessu vottorði að eigin frumkvæmi, þar og þá, tekur lögreglan slíkt vottorð ekki gilt og býður sátt eða sendir mál til dómsmeðferðar ella. Það er svo ekki fyrr en mál kemur fyrir dómara, iðulega þá fyrir tilstilli lögmanns viðkomandi, að dómari fer fram á handhverfugreiningu. Þessu vinnulagi þarf að breyta, hvort sem það sé gert í þessum drögum eða á annan máta. (sjá jafnframt lið 3)

- iii. Fyrir kemur að einstaklingi sé ávísað hreinu amfetamíni, enda hafi önnur lyfjaform virkað illa. Hér er vissulega um fá tilvik að ræða (<0,01%), en spyrja má hvort í greinargerð þurfi að taka tillit til þessa.

3. Fyrirmæli ríkissaksóknara varðandi framkvæmd

Eins og segir hér ofar, sem og í lögfræðialiti ADHD samtakanna, hafa fyrirmæli ríkissaksóknara nr. RS: 5/2020 um „samræmi í málsmeðferð“ orðið til þess að fjöldi einstaklinga sem tekur ADHD lyf (er byggja á örvandi efni) hefur ranglega verið ásakaður um lyfjaakstur. Sum hafa þessi mál endað fyrir dómi, en líklega oftast verið ranglega þrýst á viðkomandi að skrifa undir sátt, greiða sekt og taka afleiðingum sem því fylgir. Sá fjöldi er í raun ekki ljós þar sem lögreglan safnar ekki tölfraeðiupplýsingum um þá hlið.

Þessu vinnulagi verður að breyta samhliða fyrirhugaðri reglugerð.

Farið er fram á að drögum að regluferð fylgi yfirlýsing frá ríkissaksóknara varðandi hvaða áhrif væntanleg reglugerð muni hafa á fyrirmæli til lögreglumanna.

7

<https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/61eFa5qyc2mRUt6u3w8lNf/4cd63d84c84c05169c50269b646b2a91/RS-5-2020-Samraemd-medferd-umferdarlagabrota.pdf>

4. Ósamræmi milli virkra efna í viðaukalista og upplýsingum á fylgiseðli lyfs varðandi stjórnun ökutækis

Í fylgiseðlum með lyfjum, sem byggja á róandi eða örvandi efni, er oftast en ekki ráðlegging varðand stjórnun ökutækja. Hvað helstu ADHD lyf varðar er hér fyrst og fremst um að ræða ábendingu þess efnis að ýmsar [sjaldgæfar] aukaverkanir geti orsakað vanhæfi.

Furðu vekur þó að í viðauka við drögin er a.m.k. eitt tilfelli í lista yfir róandi efni þar sem í fylgiseðli er beinum orðum sagt: „Af þessari ástæðu skalt þú hvorki aka né stjórna vélum á meðan á meðferð með Alprazolam Krka stendur.“

Hafa höfundar draganna skoðað hvort þetta eigi við um fleiri róandi efni sem tiltekin eru?

Nauðsynlegar lagabreytingar samhliða útgáfu reglugerðar

Eins og fram kemur í lögfræðialiti ADHD samtakanna⁸ þá er talið nauðsynlegt að samhliða reglugerð sé nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar á umferðalögnum.

Tillögur til breytinga á undanþáguákvæðum 8. og 9. mgr. 101. gr. umfl. nr. 77/2019 og fleiri hliðar má finna í fyrrnefndu lögfræðialiti.

Hér skal þó bent á mikilvægt atriði sem tengist beint ábendingum hér ofar varðand núverandi drög að reglugerð, meðal annar sem hliðsjón af lið 2.ii og lið 3. Án breytinga leiðir innihald 8. og 9. mgr. umfl. nr. 77/2019 til kröfu um öfuga sönnunarbyrði:

„2 Ákvæði 8. mgr. 101. gr. umfl. nr. 77/2019 ásamt athugasemdum 8. mgr. Ökumaður skal ekki beittur viðurlögum skv. 1. mgr., sbr. 5. mgr., ef:

a. hann hefur meðferðis við stjórn ökutækis vottorð læknis er sýnir fram á að hann sé haldinn tilteknum sjúkdómi eða ástandi og þurfi af þeim orsökum að neyta þeirra efna sem í blóði hans mælast, og

Hér kemur hvergi fram að ökumaður þurfi að framvísa vottorðinu heldur er samkvæmt orðanna hljóðan einungis gert ráð fyrir að ökumaður hafi læknisvottorðið meðferðis við stjórn ökutækis. Eðli málsins samkvæmt felst þó í ákvæðinu að ökumaður verði að framvísa lögreglu vottorðinu á vettvangi til þess að hægt sé að sýna fram á að ökumaður hafi svo sannarlega verið með vottorðið við aksturinn. Hvergi er tekið fram í ákvæðinu hvaða afleiðingar það hefði að sýna ekki fram á vottorðið. Hér er í raun um öfuga sönnunarbyrði frá því sem almennt er, þ.e. að sönnunarbyrði um sekt sakbornings hvíli á ákærvaldinu, sbr. 108. gr. sakamálalaga nr. 88/2008.4 Hér mætti velja því upp hvort ákvæðið stangist á við réttláta

⁸ https://www.adhd.is/static/files/baeklingar/PDF/nytt/HvadErADHD_nyttLOGO/a-litsgerd-adhd-samto-kin-birt-11-9-2023.pdf

málsmeðferð, sbr. 6. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/19945 og 70. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.6

Þá kemur hvergi fram að lögregla skuli biðja ökumann um að framvísa vottorði þess efnis, en á meðan krafa er gerð um að ökumaður sýni læknisvottorð í samræmi við þessa grein, ættu að vera skýrir verkferlar að lögregla skuli skora á ökumann að framvísa slíku vottorði. Er það í samræmi við leiðbeiningarskyldu lögreglu, sbr. 7. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.7

b. hann sýni fram á að hann hafi fengið útgefið lyfjaskírteini frá Sjúkratryggingum Íslands, sbr. lög um sjúkratryggingar, vegna neyslu þeirra efna sem í blóði hans mælast, og

Hér er aftur öfug sönnunarbyrði. Sakborningi/ökumanni er gert að afsanna sekt sína þá þegar á vettvangi, en ekki er hægt að fallast á að sé málefnaleg eða eðlileg rök liggja þar að baki. Hér er heldur ekki áskilið samkvæmt orðanna hljóðan að ökumaður framvísi lyfjaskírteini frá Sí á vettvangi og kemur ekkert fram hverjar afleiðingar þess að framvísa þessu ekki á vettvangi séu. Hér mætti skilja ákvæðið sem svo að nægilegt sé að sýna fram á þetta á síðari stigum, líkt og verið hefur í dómaframkvæmd. Þá má nefna ómöguleika þess að sýna fram á lögformlegt plagg, en lyfjaskírteini eru í dag einungis á rafrænu formi í lyfjagátt. Því væri einungis hægt að sýna fram á skjáskot af „mínum síðum“ inni á sjukra.is. Þannig er vart hægt að krefjast þess að ökumenn sýni lyfjaskírteini á vettvangi, enda fyrrgreindur ómöguleiki því til fyrirstöðu.“


ADHD samtökin gera kröfum um að fyrirhuguð reglugerð taki á þessari hlið ef hægt er, eða henni fylgt starx eftir með nauðsynlegum lagabreytingum. Að ráðuneytið hafi þegar dregið lappirnar í ríflega hálfan áratug er öllum sitjandi ráðherrum á þeim tíma hreint út sagt til vansa.

Að lokum

Enn og aftur skal fagnað að loks sé komið að útgáfu reglugerðar varðan umfl. nr. 77/2019, enda löngu tímabært og nauðsynlegt.

ADHD samtökin vilja þó ítreka að núverandi drög að reglugerð virðast heldur rýr og jafnramt auðsyn þess að endurskoða alla lagaumgerðina hið fyrsta. Óbreytt ástand sæmir ekki virðingu hins háa Alþingis.

Reykjavík 19. janúar 2025
Fyrri hönd ADHD samtakanna,



Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður ADHD samtakanna